

## FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/12/ESB

2014/EES/54/38

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni á prentplötur nema og gagnasöfnunareininga fyrir jáeindaskanna sem eru innbyggðir í segulómtæki (MRI), í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði<sup>(1)</sup>, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.
- 2) Mikill titringur skapast í jáeindaskönnum sem eru innbyggðir í segulómtæki (MRI). Rannsóknir hafa sýnt að blýlaus lóðningarefni, sem hafa verið rannsökuð með tilliti til viðkvæmni fyrir titringi, eru viðkvæmari fyrir ótímabærri bilun þegar þau verða fyrir miklum titringi en tengi sem eru gerð með lóðningarefni úr tinni/blýi. Sérstök skilyrði og rúmfræðilegar takmarkanir búnaðarins takmarka notkunarsvið aflfræðilegra aðgerða sem gætu eytt eða dregið nægilega úr áhrifum þessa mikla titrings.
- 3) Sem stendur er ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út blýi eða taka það út. Þörf er á tímabundinni undanþágu til að gefa framleiðendum nægilegan tíma til rannsókna til að finna hentug, blýlaus efni og hönnun.
- 4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.  
José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

*VIÐAUKI*

Eftirfarandi 32. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

- „32. Blý í lóðningarefni á prentplötur nema og gagnasöfnunareininga fyrir jáeindaskanna sem eru innbyggðir í segulómtæki (MRI). Fellur úr gildi 31. desember 2019.“
-